

Netfundur Landsbyggðin lifi 11. ágúst 2022, kl. 20:30

Á línunni voru: Stefanía, Sigríður, Vigfús, Þórdís. Helga og Guðrún. Ómar náði ekki inn.

Eftirfarandi var tekið til umræðu:

Fundur fólksins

Flest af stjórnarfólki LBL í Póllandi þegar fundurinn verður haldinn. Ómar kemur til landsins aðfaranótt 16. sept. en líklega upptekinn í tilefni dagsins. Verður í sambandi við Vigfús um möguleika til að vera með í kynningu 17. sept. Sigríður og Vigfús ræða þetta nánar. Þarf m.a. að taka saman yfirlit um starfið. Sigríður sækir um tíma fyrir okkur. Okkur hefur ekki gengið vel að ná eyrum stjórnáráðgjafanna ólíkt t.d. í Svíþjóð og Finnlandi.

Gætum nýtt leiðbeiningar á skjalinu „Verkfæraáætlun“ – ætti kannski að vera með útprentuð eintök á Fundi fólksins. Vigfús þarf að minna Stefaníu á undirbúning vegna Fundar fólksins.

Ferðalög fram undan

Ath. að fá Bjarna Haraldsson í Framfarafélagið. Þau sem fara á Evrópska dreifbýlisþingið í Póllandi fljúga öll aðfaranótt sunnudagsins 11/9. Ómar, Helga og Bjarni koma heim fyrr en hin 17. sept. – allt í gegnum Varsjá.

Systurnar Stefanía og Guðrún fara í lok mánaðarins til Færeyja. Hela Norden ska leva er með þing þar 1. og 2. september.

Hafrún Káradóttir, fædd og uppalin á Raufarhöfn, mágkona þeirra systra kemur inn í Fiðrildaverkefnið – fundur á Spáni 23, 24. sept., enn óljóst með þema. Spánn og Frakkland eru með okkur í þessu verkefni.

Pólskt verkefni – heimsókn á tímanum 5.-9. sept. Fjallar um konur og umhverfismál. Áður verið nefnt en var talið að ekki yrði af því en – hafði frestast vegna kóvíð.

Letlandsverkefnið – fékk auka fjármagn og fólkið vill koma aftur – stjórnarmeðlimir LBL geta hitt þessar konur 9. sept. og morgni 10. sept. Hafa áhuga á fötlunarmálun en óljóst með skilgreiningar. Þarf að ræða við Öryrkjabandalagið. Við erum aðeins að aðstoða en fáum engar greiðslur í gegnum þetta verkefni.

Önnur mál

Stefanía: Hringing frá nema (belgísk stúlka um þrítugt) á Ísafirði sem er að vinna að verkefni um byggðapróun og nýsköpun. Spurði um stöðuna úti um landið – við

höfum ekki skýrar upplýsingar. Var m.a. að spá í rafmagnsverð. Við höfum ekki verið dugleg að senda frá okkur ályktanir síðustu árin.

Guðrún nefnir íslenska stúlku í Danmörku sem hefur áhuga á byggðamálum.

Systurnar fara til Ítalíu í byrjun okt. Fundur þar í Samfélagsverkefninu.

Þær sjá möguleika á að nýta þjálfunina frá Spáni (námskeiðið í kvikun) við að kynna heimsmarkmið S.Þ. Fóru á fund Félags Sameinuðu þjóðanna – spurðu hvort þau notuðu þessa aðferðafræði sem var ekki. Ætla að koma á tengingu við Skóla SÞ. Aðeins hugsað að við komum þessu á framfæri.

Af stað aftur og aftur. Búið að koma verkefninu fyrir í Mosfellsbæ til að leyfa því að þroskast þar áður en það fer í meiri útbreiðslu. Elva í eldri borgarar starfi á vegum Mosfellsbæjar. Bæklingur unninn undir forystu Norræna félagsins, við fjármögnuðum 300 eintök, kr. 34 þúsund. Þurfum rýnihóp til að skoða það sem komið er. Elva ætlar að hjálpa til við að koma saman slíkum hópi.

Sigríður komst í samband við yfirmann félagsstarfs eldri borgara á Selfossi. Fer væntanlega með Ásdísi á fund síðar til að kynna verkefnið þar. Verðum að halda svolítið utan um þetta áfram. Þórdís er með góð tengsl við félagsstarf eldri borgara á Dalvík. Nýtum þetta einnig sem tækifæri til að kynna og efla félög okkar.

Sótt hefur verið um styrk til heilbrigðisráðherra til að ferðast um landið með þetta verkefni. Er einnig verið að koma á sambandi við landlæknisembættið

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 21:45.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði